

18des 1926

Kad

## MORGUNBLAÐID

### SLYSA ALDAN.

Mjög þykir injer sannast það, sem sagt er í grein minni „Helvegur og hinn“ (Lögrjetta 1e. nov.), að slysaalda sú hin mikla, sem þar getur um, sjé farin að gera vart við sig. Óg sannkölluð slysaalda var það sem nálega hvolfdi togaramum Skallagrími hjer úti í flóanum nú fyrir skemstu. Þegar jeg las um áfall betta, kom mjer í hug ferðasaga Flosa og brennumanna í 153. k. Njálu. Segir þar svo: Þat var einu hverju sinni, að þeir fengu áföll stór þrjú nökkur. Sagði Flosi þá, at þeir myndi nökktu vera í nánd löndum ok þetta væri grunnföll.

Einnig í Egils sögu, 59. k., er talað um grunnföll. Í þeim sama kafla er getið um Humru minni, og mun vera rangt, eiga að vera Humruvynni. Og í þeim kafla er orðið „háskasamlegur“, en það orð varð til þess að jeg fór að athuga betur en jeg hafði gert áður, málið á Eglu, og bera saman við Heimskringlu, og leiddi loks af, að jeg lærði að þekkja stíl Snorra Sturlusonar, en það hafði ekki gert verið áður.

Bu grein bessi, sem áður var nefnd, og heitir „Helvegur og hinn“, vil jeg mjög biðja meðinn að lesa því að nú eru háskasamlegir tímar, en hins vegar hægt að breyta til batnæðar aldarfarinu, ef sú aðferð er höfð, sem í greininni getur. Mun jeg skýra nálættu nokkrum mánaðum.

18 des 1926  
Helgi Pjeturss.

Hjer - hugleikur